

Nr. 10.
2. marz.

Lög

um

heimild fyrir landsstjórnina til að leyfa Íslands banka að auka seðlaupphæð þá, er bankinn má gefa út samkvæmt 4. gr. laga nr. 66, 10. nóv. 1905 og lögum 9. sept. 1915.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að auka seðlaupphæð þá, er Íslands banki má gefa út samkvæmt lögum nr. 66, 10. nóv. 1905, 4. gr., og lögum 9. sept. 1915, svo sem viðskiftaþörfin krefur, gegn öllum sömu skilyrðum, sem í 1. gr. 1.—3. lið nefndra laga 9. sept. 1915 greinir.

2. gr.

Bankanum er skylt, að viðlögðum missi seðlaútgáfurjettar síns, að innleysa alla þá seðla, er hann hefur gefið út samkvæmt lögum þessum, jafnskjótt sem landsstjórnin eða löggjafarvaldið krefst þess, og með þeim fyrirvara, er settur verður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 1. desember 1917.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 2. marz 1917.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sigurður Jónsson.